

Nd.

286. Frumvarp til lánsfjárlaga

[2. mál]

fyrir árið 1986.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. des.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 2 224 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 1 850 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1986 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 490 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt, til viðbótar því sem greinir í 1. mgr., að taka lán allt að 200 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1986.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á hitaveitu- og raforkuframkvæmdum.

5. gr.

Þróunarfélaginu er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

6. gr.

Heimilt er að taka lán vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1986 að fjárhæð 60 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1986 að fjárhæð 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1986 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1986 að fjárhæð 10 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Hitaveita Reykjahlíðar, lán á árinu 1986 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Aðrar hitaveitur, lán á árinu 1986 að fjárhæð 8 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 1 442 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 350 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 95 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Útflutningsláναςjóði er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3., 4., 5., 6., 7. og 8. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

12. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, skal samanlögð fjárveiting og lántaka Láναςjóðs íslenskra námsmanna eigi nema hærri fjárhæð en 1 100 000 þús. kr.

13. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 16 000 þús. kr. á árinu 1986.

14. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 5. tl. 4. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ekki nema hærri fjárhæð en 36 700 þús. kr. á árinu 1986 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

15. gr.

Prátt fyrir ákvæði c- og d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1986.

16. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1986.

17. gr.

Prátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 18 200 þús. kr. á árinu 1986.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 80 000 þús. kr. á árinu 1986.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1986.

20. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 31. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 12 000 þús. kr. á árinu 1986.

21. gr.

Prátt fyrir ákvæði 3. tl. 3. gr. c laga nr. 55/1984, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 40 000 þús. kr. á árinu 1986.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði 3. gr. c laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 28 000 þús. kr. á árinu 1986.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 15 000 þús. kr. á árinu 1986.

24. gr.

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimiliasjóðs ekki fara fram úr 12 000 þús. kr. á árinu 1986.

25. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal framlag til þjóðavega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 120 000 þús. kr. á árinu 1986.

26. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, sbr. lög nr. 10/1985, skal framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 235 685 þús. kr.

27. gr.

Prátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 730 000 þús. kr.

III. KAFLI

28. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánnum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánnum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42 1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldar-ábyrgð sem endurlánað verður vegna sölu fimm fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið smíðuð innanlands á árunum 1982—1985.

Ríkissjóði er jafnframt heimilt að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánnum, sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíða skipanna, til að greiða fyrir sölu þeirra.

Ráðherra ákveður nánar framkvæmd þessarar lagagreinar með reglugerð.

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs 1985 og taka nauðsynleg erlend lán að fjárhæð allt að 1 500 000 þús. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.